

ÞJÓNUSTU STEFNA

Norðurþings



nordurthing@nordurthing.is
www.nordurthing.is

Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
sími: 464 - 6100

Þjónustustefna sveitarfélagsins er sett á grunni 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í júní 2021 var lögfest ákvæði í fyrrnefndum sveitarstjórnarlögum að frumkvæði Byggðastofnunar sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum. Stefnan er sett fram fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir.

130. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

[130. gr. a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Við gerð og mótun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.]



Mynd: Accidentally Wes Anderson

Í greinargerð frumvarpsins segir eftirfarandi um greinina

Hér er lagt til það nýmæli að sveitarstjórn beri að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu byggðakjarna viðkomandi sveitarfélags og upplýsa íbúa um stefnuna.

Ljóst er að með fækkun sveitarfélaga munu jafnframt myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu og er því lögð til sú skylda á sveitarstjórn að mynda og móta slíka stefnu eftir sérstakt samráð við íbúa sveitarfélagsins, t.d. með opnu umsagnarferli. Ekki er getið sérstaklega um þá þjónustu sem beri að greina frá í stefnunni en gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag myndi ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða mið við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa.

Í 2. mgr. er lagt til að sama fyrirkomulag verði við afgreiðslu á þjónustustefnu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. og er við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. laganna enda ljóst að slíkar áætlanir haldast í hendur.

Við gerð þjónustustefnu sveitarfélaga þarf að hafa í huga lögskyld og lögheimil verkefni samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felast í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknarverðan kost sem eru þá valkvæð verkefni.

Almennt um þjónustu sveitarfélagsins

Sveitarfélagið Norðurþing leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila við mannlíf og atvinnulíf á svæðinu. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins eftir því sem lög og reglur heimila verði löguð að þörfum íbúa og fyrirtækja á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Það er sameiginlegt markmið starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Slíkt samstarf byggist á trausti og virðingu þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin viðhorfum og hugarfari. Norðurþing er þjónustuaðili sem veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Allt starfsfólk Norðurþings á að vera samstíga í að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja þjónustuna.

Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notenda hverju sinni. Þjónustan er sérhæfð fagkunnátta sem fléttast inn í alla starfsemi sveitarfélagsins. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, tölvupóstsamskiptum eða í gegnum fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samviskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttisýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.



Mynd: Norðurþing

Íbúasamráð

Við gerð þjónustustefnunnar var upphaflega viðhaft íbúasamráð í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Haldnir voru íbúafundir á Raufarhöfn og Kópaskeri fyrir þéttbýliskjarnana og nágrenni. Ákveðið var að halda ekki íbúafund á Húsavík þar sem markmiðið með stefnunni er að setja fram stefnu um þjónustu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.

Við gerð stefnunnar var tekið tillit til athugasemda sem fram komu á íbúafundum, í framhaldi af því var stefnan sett í rafrænt íbúasamráð þar sem öll gátu sent inn athugasemd með rafrænum hætti.

Hafa þarf í huga að þjónustustefnan á að geta gefið mynd af mögulegum aðstæðum innan fárra ára. Það þarf ekki að þýða að sveitarfélag ætli að skuldbinda sig til að halda úti ákveðinni þjónustu en að sveitarfélagið sé opið fyrir því að breyta þjónustu með einum eða öðrum hætti ef forsendur breytast.

“

Hafa þarf í huga

Þjónustustefnan á að geta gefið mynd af mögulegum aðstæðum innan fárra ára. Það þarf ekki að þýða að sveitarfélag ætli að skuldbinda sig til að halda úti ákveðinni þjónustu en að sveitarfélagið sé opið fyrir því að breyta þjónustu með einum eða öðrum hætti ef forsendur breytast.

”



Myndir: Norðurþing



Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt eftir málaflokkum og þar undir hvernig þeirri þjónustu er háttað í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins.

Í stefnu þessari er Norðurþingi er skipt í eftirfarandi svæði

Húsavík og nágrenni	Kópasker og nágrenni	Raufarhöfn og nágrenni
Húsavík - þéttbýliskjarni	Kópasker - þéttbýliskjarni	Raufarhöfn - þéttbýliskjarni
Reykjahverfi - dreifbýli	Kelduhverfi - dreifbýli	Melrakkaslétta - dreifbýli
	Öxarfjörður - dreifbýli	

Hvernig er eftirfarandi verkefnum háttað innan sveitarfélagsins?

- Lögskyld verkefni
- Lögheimil verkefni
- Valkvæð verkefni

Hafa þarf í huga að í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttað fyrir allt sveitarfélagið í heild.

Lögskyld verkefni



Félagsþjónusta

Aðstoð við erlenda ríkisborgara

Fjölmenningarfulltrúi hefur viðveru í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík. Viðkomandi hefur bæði staðbundna viðveru eftir þörfum sem og fjarþjónustu á Kópaskeri og Raufarhöfn. Fjölmenningarfulltrúi leiðbeinir um félagsleg réttindi eftir því sem við á. Fjölmenningarfulltrúi hefur samstarf við skóla varðandi móttöku nýrra nemenda eftir þörfum og óskum hvers skóla í sveitarfélaginu fyrir sig.

Barnaverndarþjónusta

Sveitarfélagið er með samning við Akureyrarbæ um að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að framkvæmd og rekstri barnaverndarþjónustu sem heyrir undir Barnaverndarþjónusta á Norðurlandi eystra.

Félagsleg ráðgjöf

Ráðgjafar í félagsþjónustu eru með starfstöð á Húsavík. Þeir hafa bæði staðbundna viðveru eftir þörfum sem og fjarþjónustu á Kópaskeri og Raufarhöfn. Einnig geta íbúar búsettir á Kópaskeri og Raufarhöfn eða nágrenni óskað eftir að fá viðtöl og ráðgjöf í gegnum fjarþjónustu.

Fjárhagsaðstoð

Ráðgjafar í félagsþjónustu eru með starfstöð á Húsavík. Þeir hafa bæði staðbundna viðveru eftir þörfum sem og fjarþjónustu á Kópaskeri og Raufarhöfn. Einnig geta íbúar búsettir á Kópaskeri og Raufarhöfn eða nágrenni óskað eftir að fá viðtöl og ráðgjöf í gegnum fjarþjónustu.

Málefni aldraðra

Á Kópaskeri er dagdvalarúrræði fyrir aldraða rekið í samstarfi við HSN, einnig er í boði heimsendur matur, akstur aldraðra innan þéttbýlis eftir þörfum og heimaþjónusta á vegum sveitarfélagsins. Á Raufarhöfn er dagdvalarúrræði fyrir aldraða rekið í samstarfi við HSN, einnig er félagsstarf, heimsendur matur, akstur aldraðra innan þéttbýlis eftir þörfum og heimaþjónusta á vegum sveitarfélagsins. Á Húsavík er dagdvöl aldraðra, félagsstarf aldraðra, akstur aldraðra innan þéttbýlis, heimsendur matur, heimaþjónusta og vínafundir fyrir heilabilaða og aðstandendur þeirra.

Lögskyld verkefni



Félagsþjónusta

Málefni fatlaðs fólks

Unnin miðlægt fyrir allt sveitarfélagið en frá Húsavík og í boði er hæfing, frístund, dagvist, búsetuúrræði, skammtímadvöl og ferliþjónusta.

Stuðningsþjónusta

Þjónusta við fatlað fólk og öryrkja, heimsendur matur og heimaþjónusta. Er í boði á Húsavík og eftir þörfum á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Túlkþjónusta

Ekki er samningur um túlkþjónustu en tengiliðir sem hægt er að kalla til eftir þörfum, ýmist fyrir stað- eða fjarþjónustu.

Upplýsingagjöf vegna barna

Unnið er samkvæmt Barnalögum nr. 76/2003.

Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda

Félagsráðgjafar hafa starfstöð í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík. Viðkomandi hafa bæði staðbundna viðveru eftir þörfum sem og fjarþjónustu á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Sambætting þjónustu í þágu barna

Starfsfólk félagsþjónustunnar hefur starfstöð í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík en fer reglulega í Öxarfjörð og Raufarhöfn. Eins er fjarþjónusta í boði á milli ferða. Á Húsavík er skammtímadvöl og frístund í boði. Sambætting í þjónustu barna er til staðar í Norðurþingi, að henni koma ýmist fagfólk auk starfsfólks farsældarþjónustu, s.s. kennarar, heilbrigðisstarfsfólk og annað fagfólk eftir eðli hvers máls.

Lögskyld verkefni



Húsnæðismál

Fasteignamat, skráning (t.d. eignaskiptayfirlýsingar) og öflun grunnupplýsinga

Skipulags- og byggingarfulltrúi annast f.h. sveitarfélagsins skráningar fasteigna í fasteignaskrá. Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur viðveru í Stjórnsýsluhúsinu á Húsavík en fer á Kópasker og Raufarhöfn þegar þörf er á. Eins er fjarþjónusta í boði á milli ferða.

Húsnæðismál

Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem er í árlegri endurskoðun. Uppfærður listi yfir lausar lóðir eru auglýstar á vefsíðu sveitarfélagsins. Endurskoðun aðalskipulags er í vinnslu og þar er horft til vöntunar á lausum lóðum á hverjum stað fyrir sig. Eins hefur sveitarfélagið félagslegt leiguhúsnæði sem er til staðar á Húsavík og Raufarhöfn. Ekki er til staðar félagslegt leiguhúsnæði á Kópaskeri. Íbúar sveitarfélagsins geta sótt um félagslegt leiguhúsnæði og fer úthlutun samkvæmt reglum og viðmiðum þar um.

Húsnæðisáætlanir

Húsnæðisáætlun gildir fyrir allt sveitarfélagið og er uppfærð árlega m.t.t. breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Unnið er eftir reglugerð 1248/2018, húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Er í boði fyrir þá sem það þurfa og falla undir viðmið reglna sveitarfélagsins. Sótt um rafrænt á vefsíðu sveitarfélagsins og hægt að fá ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum eftir þörfum.

Viðhald fasteigna

Eignasjóður Norðurbings sér um viðhald fasteigna sem eru í eigu sveitarfélagsins. Árlega vinnur eignasjóður að forgangslista viðhalds eigna í öllu sveitarfélaginu samhliða fjárhagsáætlun sem byggir á úttekt umsjónarmanns fasteigna og beiðnum stjórnenda hverju sinni.

Lögskyld verkefni



Fræðslu- og menningarmál

Almenningsbókasöfn

Bókasöfn í sveitarfélaginu eru staðsett á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Grunnskólar

Þrír grunnskólar eru í sveitarfélaginu; Á Raufarhöfn, í Lundi í Öxarfirði og á Húsavík, frístundaúrræði eða lengd viðvera, mötuneyti og skólaakstur er til staðar í hverjum skóla fyrir sig.

Leikskólar

Norðurþing starfrækir leikskólann Grænuvelli á Húsavík og leikskóladeild í Öxarfjarðarskóla. Leikskóladeildir verða starfræktar á Raufarhöfn og Kópaskeri miðað við að lágmarksfjölda barna sé náð og takist að manna deildirnar. Lágmarksfjöldi í samreknum leik- og grunnskóla í sama húsnæði eru tvö börn á leikskólaaldri og lágmarksfjöldi á stakstæðri leikskóladeild eru fjögur börn.

Þegar ekki er unnt að bjóða eins til tveggja ára börnum leikskóladvöl er boðið upp á heimgreiðslur skv. reglum sveitarfélagsins þar um.

Skólaþjónusta

Skólaþjónusta er rekin í sveitarfélaginu eins og kveðið er á um í 9. kafla laga um grunnskóla 91/2008 og skv. reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga. Skólaþjónustan þjónustar grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu skv. tilvísunum hverju sinni.

Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.

Öll ótímabundin störf eru auglýst og ráðning skólastjóra í höndum fræðslufulltrúa en ráðning annars starfsfólks í höndum skólastjóra. Tónlistarskólar: Tónlistarskóli er staðsettur á Húsavík, en veitir Öxarfjarðarskóla einnig þjónustu.

Lögskyld verkefni



Öryggis- og löggæslumál

Almannavarnir (að hluta)

Sveitarfélagið fer eftir lögum um Almannavarnir nr. 82/2008. Sveitarstjóri Norðurlands eystra situr í almannavarnanefnd í umboði lögreglustjórans á Norðulandi eystra.

Brunavarnir og brunamál

Slökkvilið er á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Aðal starfstöð er á Húsavík.

Sjóvarnir

Stjórn hafnasjóðs og Hafnastjóri Norðurlands eystra tryggja sjóvarnir á öllum höfnum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um sjóvarnir.



Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald ofl.

Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar

Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins sér um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í öllum sveitarfélaginu.

Fjallskil

Fjallskiladeild er í Norðurlandi eystra og í henni eru fulltrúar frá öllum fjallskiladeildum í Norðurlandi eystra. Sveitarstjórn tilnefnir fjallskilastjóra skv. sveitarstjórnarlögum í upphafi hvers kjörtímabils.

Framkvæmd umhverfismats

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur f.h. sveitarfélagsins, eftirlit með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda.

Gatnagerð

Umhverfis- og skipulagssvið ber ábyrgð á gatnagerð og viðhaldi gatna í þéttbýli og er farið eftir framkvæmdasáætlun hverju sinni. En Vegagerðin ber ábyrgð á öllum vegum.

Lögskyld verkefni



Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald ofl.

Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir

Sveitarfélagið í heild heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og á fulltrúa í heilbrigðiseftirlitsnefnd.

Landgræðsla

Skipulags- og framkvæmdaráð stýrir landgræðslu á landi í eigu sveitarfélagsins. Enn fremur fer ráðið með leyfisveitingar vegna landgræðslu í öðru landi innan sveitarfélagsins.

Meindýraeyðing og dýraeftirlit

Sveitarfélagið ræður refa- og minnkaveiðimenn til starfa, auk dýraeftirlitsmanns. Sveitarfélagið endurgreiðir árlega hreinsun sbr. 6. gr. samþykktu um hunda- og kattahald í Norðurþingi 160/2019.

Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra

Það er á verksviði skipulags- og framkvæmdaráðs að gera tillögur að nýjum örnefnum innan Norðurþings. Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur haldið utan um verkefnið sem starfsmaður. Stundum er höfð samkeppni um nafngift.



Mynd: Markaðsstofa Norðurlands



Mynd: Norðurþing

Lögskyld verkefni



Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald ofl.

Skipulagsmál

Skipulags- og framkvæmdaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum deiliskipulögum og endurskoðun eldri skipulaga. Á skilgreindum hafnarsvæðum er það verkefni þó á höndum stjórnar hafnarsjóðs. Skipulags- og byggingarfulltrúi vinnur að framgangi skipulags til samræmis við ákvæði skipulagslaga.

Söfnun og merðferð úrgangs

Sveitarfélagið gerir samninga vegna meðhöndlunar og förgunar sorps í sveitarfélaginu.

Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu svæði

Á verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir allt sveitarfélagið.

Verndarsvæði í byggð

Verndarsvæði í byggð er skipulagsmál og þar með á verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa að hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt skilmálum verndar.

Loftslagsstefna sveitarfélaga

Í gildi er umhverfis- og loftslagsstefna Norðurlands á samt aðgerðaráætlun.

Lögskyld verkefni



Kosningar

Framlög til stjórnmalasamtaka

Á ábyrgð fjármálasviðs sveitarfélagsins, greitt samkvæmt 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006. Stjórnmalasamtök sækja um styrkinn til sveitarfélagsins.

Alpingis-, forsenda- og sveitarstjórnarkosningar

Framkvæmd kosninga í Norðurþingi fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og í framhaldi af því tilnefnt í undirkjörstjórnir sem eru fimm í öllu sveitarfélaginu. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi eystra upp á utankjörfundar atkvæðagreiðslu á Kópaskeri og Raufarhöfn.



Samgöngur

Lagning og viðhald vega og stíga

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs í umboði skipulags- og framkvæmdaráðs sér um þessi mál í Norðurþingi. Unnið er eftir gildandi framkvæmdaáætlun hverju sinni.



Vatns- og fráveitur

Fráveitur

Orkuveita Húsavíkur ohf. á og rekur fráveitu kerfi sveitarfélagsins innan allra þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu sem og rotþrær innan og utan þéttbýlis. Vatnsveitur: Orkuveita Húsavíkur ohf. á og rekur vatnsveitur innan þéttbýlis í öllu sveitarfélaginu.

Lögskyld verkefni



Íþróttta- og æskulýsmál

Frístundaheimili

Frístundaúrræði og lengd viðvera er fyrir skólabörn á Húsavík og í Lundi.

Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa og fleira

Fjölnota íþróttahús og sundlaugar eru á Húsavík, í Lundi og á Raufarhöfn. Tveir fótboltavellir í fullri stærð og tveir minni sparkvellir eru á Húsavík. Einn sparkvöllur er á Raufarhöfn.

Þjónusta við unglinga

Félagsstarf á vegum sveitarfélagsins stendur ungmennum til boða allsstaðar í sveitarfélaginu. Störf á vegum vinnuskóla Norðurlþings stendur ungmönnum til boða á Húsavík, Raufarhöfn og í Kelduhverfi/Öxarfirði.

Æskulýðsmál

Styrktar-, samstarfs- og/eða þjónustusamningar við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsstarf í öllu sveitarfélaginu.



Heilbrigðismál

Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana

Fyrirhugað er að byggja hjúkrunarheimili á Húsavík.

Lögskyld verkefni



Ýmsar aðrar skyldur

Húsmæðraorlof

Norðurþing greiðir í húsmæðraorlofssjóð fyrir konur í Norðurþingi, samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972.

Jafnréttismál

Fjölskylduráð ber ábyrgð á jafnréttismálum í Norðurþingi og fer eftir jafnréttisáætlun sem er endurskoðuð reglulega. Einnig hefur sveitarfélagið hlotið jafnlaunavottun sem er endurskoðuð reglulega.

Kirkjur og kirkjugarðar


Sveitarfélagið sinnir skyldum við kirkjugarða og kirkjur samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og lög um kristnisjóð nr. 35/1970.

Umsögn um rekstrarleyfi

Skipulags- og framkvæmdaráð gefur umsagnir fyrir rekstrarleyfi í Norðurþingi að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi eystra.

Útgáfa áfengissöluleyfa

Byggðarráð gefur umsögn um áfengissöluleyfi í Norðurþingi að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi eystra.



Mynd: Markaðsstofa Norðurlands

Lögskyld verkefni



Stjórnsýsla sveitarfélaga

Álagning og innheimta opinberra gjalda

Sveitarstjórn setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B-deildum stjórnartíðinda. Fjármálastjóri ber ábyrgð á því í umboði byggðarráðs fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá bókhaldsdeild sveitarfélagsins í gegnum síma eða komu á skrifstofuna á Húsavík. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga

Stjórnsýslusvið ber ábyrgð á málaflökknum, sveitarfélagið hefur persónuverndarfulltrúa á sínum vegum og unnið er eftir lögum um persónuupplýsingar nr. 90/2018 fyrir allt sveitarfélagið.

Starfsmannamál og kjarasamningar

Sveitarfélagið er með starfs- og kjaranefnd sem fer með þessi mál fyrir allt sveitarfélagið í samstarfi við sviðsstjóra sveitarfélagsins. Sveitarstjórnir - verkefni og skyldur: Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Upplýsingagjöf

Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Eins er sveitarfélagið vakandi fyrir stafrænum skrefum í aukinni þjónustu við íbúa sem er til hagsbóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins óháð búsetu. Varðandi beiðni á grundvelli upplýsingalaga er hægt að beina öllum slíkum beiðnum til skrifstofu sveitarfélagsins á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn þar sem beiðni er tekin til meðferðar.

Lögskyld verkefni



Stjórnsýsla sveitarfélaga

Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa

Fjármálastjóri og aðrir sviðsstjórar sjá um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið. Unnið er eftir innkaupareglum og innkaupastefnu sveitarfélagsins. Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglum sveitarfélagsins. Í sveitarfélaginu er starfandi innkauparáð.

Að auki er sveitarfélagið aðili að rammamningi.

Varðveisla skjala

Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Skjalastjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á varðveislu skjala í Norðurþingi í samstarfvið aðra stjórnendur.



Mynd: Markaðsstofa Norðurlands



Mynd: Markaðsstofa Norðurlands



Mynd: AG

Lögheimil verkefni

Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds

Sveitarstjórn setur samþykkt um hunda- og kattahald sem gildir fyrir sveitarfélagið allt.

Hafnir

Rekstrarstjóri hafna í umboði stjórnar Hafnasjóðs Norðurþings sér um viðhald og framkvæmdir á öllum hafnasvæðum í Norðurþingi.

Héraðsskjalasöfn

Sveitarfélagið kemur að rekstri Héraðsskjalasafni Þingeyinga í samræmi við Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Hitaveitur

Orkuveita Húsavíkur ohf. á og rekur dreifikerfi hitaveitu á Húsavík og Reykjahverfi. Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs rekur hitaveitu frá Kelduhverfi að og á Kópaskeri.

Leiklistarmál

Sveitarfélagið styrkir leikfélög og önnur félög sem setja upp sýningar í Norðurþingi. Samningur húsnæðis er við leikfélagið á Húsavík.

Lögreglusamþykktir

Sveitarstjórn semur og samþykkir lögreglusamþykkt sem gildir í Norðurþingi og dómsmálaráðherra staðfestir.

Náttúrustofur

Sveitarfélagið kemur að rekstri Náttúrustofu Norðausturlands sem starfar í öllu sveitarfélaginu.

Valkvæð verkefni

Pekkingarnet Þingeyinga

Sveitarfélagið kemur að rekstri Þekkingarnets Þingeyinga sem er símenntunarmiðstöð staðsett á Húsavík og á aðila í stjórn þess. Boðið er upp á aðstöðu frá Þekkingarnetinu í skólahúsinu á Kópaskeri og í skólahúsinu á Raufarhöfn.

Skíðasvæði

Eitt skíðasvæði er í Norðurþingi og er það staðsett við Reyðarárhnjúk.

Heilsuræktarstöðvar

Sveitarfélagið rekur heilsuræktarstöðvar í íþróttahúsinu á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Björgunarsveitir

Norðurþing styrkir björgunarsveitir í öllu sveitarfélaginu.

Vettvangsliðahópur í slysa- og sjúkraútköllum: Slökkvilið sveitarfélagsins sinnir hluta sjúkraflutninga á Húsavík skv. samningi við HSN og slökkvilið rekur vettvangsliðahóp á Kópaskeri og Raufarhöfn skv. samningi við HSN.

Hjólastígar

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs sér um gerð hjólastíga í Norðurþingi. Farið er eftir framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Græn skref

Norðurþing tekur þátt í Grænum skrefum. Byrjað er að vinna eftir Grænum skrefum í Stjórnsýsluhúsi á Húsavík, skrifstofu á Kópaskeri og skrifstofu á Raufarhöfn.

Skrifstofusetur

Skrifstofur sveitarfélagsins eru staðsettar á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Tjaldsvæði

Sveitarfélagið leigir út rekstur á þremur tjaldsvæðum á Kópaskeri, Raufarhöfn og Húsavík.

Ýmsir styrkir

Norðurþing veitir styrki til ýmissa verkefna

Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki árlega samhliða fjárhagsáætlun skv. 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.

**Samþykkt á xxx. fundi
byggðarráðs Norðurlings þann xx.xx.2025**

**Samþykkt á xxx. fundi
sveitarstjórnar Norðurlings þann xx.xx.2025**

